

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps
140. fundur.

Miðvikudaginn 30. október 2013 kom sveitarstjórn Húnavatnshrepps saman til fundar á Húnavöllum kl. 13.00 Þóra Sverrisdóttir setti fundinn og stjórnaði honum. Jens P. Jensen ritaði fundargerð. Mæting á fundinn að öðru leyti samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

- 1. Skýrsla sveitarstjóra.**
- 2. Fundargerðir:**
 - a) Stjórnar Byggðasamlags um Tónlistarskóla A-Hún, dags. 24. október 2013.
 - b) Stjórnar Félags- og skólaþjónustu A-Hún, dags. 15. október. 2013.
 - c) Stjórnar Byggðasamlags um menningu og atvinnumál í A-Hún, dags. 14. okt. 2013.
 - d) Skólanefndar FNV, dags. 27. september 2013.
- 3. Bréf:**
 - a) Frá Félags- og skólaþjónustu A-Hún, dags. 16.10.2013.
 - b) Frá Landmótun, dags. 24.09.2013.
 - c) Frá Lögfræðistofu Inga Tryggvasonar ehf, dags. 19.09.2013.
 - d) Frá Heimilisiðnaðarsafninu, dags. 08.10. 2013.
 - e) Frá rekstrarstjóra eMax, ódagsett.
 - f) Frá Skipulagsstofnun, dags. 07.10.2013.
 - g) Frá Þjónustumiðstöðin, vörn fyrir börn, dags. 15.10.2013.
 - h) Frá Landsbyggðin lifi, dags. 02.10.2013.
 - i) Frá Farskólanum, dags. 15.10.2013.
 - j) Frá Karlakór Bólstaðarhlíðarhrepps.
 - k) Frá USAH, dags. 30.09.2013.
- 4. Útvarsprósenta 2014.**
- 5. Fjárhagsáætlun 2014, fyrri umræða.**
- 6. Önnur mál.**

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 13.05

Eftirfarandi breytingar voru samþykktar á boðaðri dagskrá: Erindi frá Lestrarfélaginu Fjölmi, dags. 27. okt. 2013 er tekið fyrir undir dagskrárlíð 3 l). Erindi frá Textílsetri Íslands dags. 24. okt. 2013 er tekið fyrir undir dagskrárlíð 3 m).

1. Skýrsla sveitarstjóra.

Fulltrúar Húnavatnshrepps hafa setið eftirfarandi fundi og ráðstefnur frá síðasta fundi sveitarstjórnar: Ársþing SSSNV á Sauðárkróki 17. til 19. október. Fundur með þingmönnum Nv kjördæmis, haldinn í Blönduvirkjun 21. október. Fundur með fjárlaganefnd Alþingis, haldinn í Rvík mánudaginn 28. október. Málefni sem fulltrúar Húnavatnshrepps lögðu fyrir þingmannafund og fjárlaganefnd voru eftirfarandi: Samgöngumál, skattlagning orkumannvirkja, nýting orku í héraði, raforkukostnaður í dreifbýli, fjarskiptamál, dreifnám, aðkoma ríkisins að minka- og refaveiðum og heilbrigðismál.

Tekið var fyrir erindi frá Jóni Gíslasyni f.h fjallskiladeildar Auðkúluheiðar, sem kynnt var á fundi sveitarstjórnar 9. okt. sl. og frestað afgreiðslu á. Erindið varðar afstöðu sveitarstjórnar til þess hvort sveitarfélagið komi með einhverjum hætti að greiðslu kostnaðar við aukasmalanir í haust vegna óveðursspár og farið var í að tilmælum sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps

140. fundur.

Eftirfarandi tillaga var lögð fram:

Sveitarstjórn telur ekki rétt að taka þátt í kostnaði vegna aukasmalana í haust í ljósi áhlits Bændasamtaka Íslands, sem leitað var eftir.

Tillagan var samþykkt með fjórum atkvæðum. (MS,PS,JS,IS) einn var á móti (JG).

Sveitarstjórn óskar eftir að fjallskiladeildir í sveitarfélaginu útbúi aðgerðaráætlanir um smalanir vegna hugsanlegra náttúruhamfara sem upp geta komið.

2. Fundargerðir:

a) Stjórnar Bygðasamlags um Tónlistarskóla A-Hún, dags. 24. október 2013.

Til kynningar. *Sveitarstjórn Húnavatnshrepps gerir ekki athugasemd við fjárhagsáætlun Bygðasamlagsins vegna ársins 2014.*

b) Stjórnar Félags- og skólaþjónustu A-Hún, dags. 15. október. 2013.

Sveitarstjórn samþykkti hlutdeild Húnavatnshrepps í umframkostnaði félagsþjónustu árið 2013 að upphæð 363 þús kr. (rekstrarliður 0241-9615) tekið af eigin fé.

Fundargerðin að öðru leiti til kynningar.

c) Stjórnar Bygðasamlags um menningu og atvinnumál í A-Hún, dags. 14. okt. 2013.

Til kynningar.

d) Skólanefndar FNV, dags. 27. september 2013.

Til kynningar.

3. Bréf:

a) Frá Félags- og skólaþjónustu A-Hún, dags. 16.10.2013.

Efni: Ósk um staðfestingu sveitarstjórnar Húnavatnshrepps á lántöku vegna endurbóta á Hnitbjörgum.

Eftirfarandi samþykkt var lögð fram:

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps samþykkir hér með að veita veð í tekjum sveitarfélagsins vegna lántöku Félags- og skólaþjónustu A-Hún hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð allt að 45.000.000 kr. til 21 árs, í samræmi við samþykktu skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum. Er veðsetning þessi veitt sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Lán Félags- og skólaþjónustu A-Hún er tekið til að fjármagna endurbætur á kjallara húseignarinnar Hnitbjarga á Blönduósi sem er lánshæft verkefni sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Magnúsi B. Jónssyni, kt. 140452-4679, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess að samþykkja f.h. Húnavatnshrepps veitingu ofangreindrar veðtryggingar og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast veitingu tryggingar þessarar.

Samþykkt samhljóða.

b) Frá Landmótun, dags. 24.09.2013.

Efni: Breyting á aðalskipulagi Húnavatnshrepps vegna Blönduvirkjunar. Drög að tímaferli.

Til kynningar.

c) Frá Lögfræðistofu Inga Tryggvasonar ehf, dags. 19.09.2013.

Efni: Varðar fjallskilamál.

Til kynningar.

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps 140. fundur.

d) Frá Heimilisiðnaðarsafninu, dags. 08.10. 2013.

Efni: Rekstrarstyrkur til Heimilisiðnaðarsafnsins fyrir árið 2014. Sótt er um styrk til Byggðasamlags um atvinnu- og menningarmál að upphæð 4,2 millj. kr. og að auki 1.millj. kr. vegna viðgerða á þaki gamla safnahússins.

Til kynningar.

e) Frá rekstrarstjóra eMax, ódagsett.

Efni: Þann 1. okt. sl. keyptu 365 miðlar fjarskiptakerfi, vörumerki, viðskiptasamninga og lausamuni iCell ehf, sem hingað til hefur reki eMax.

Til kynningar.

f) Frá Skipulagsstofnun, dags. 07.10.2013.

Efni: Varðar ósk Húnavatnshrepps um meðmæli Skipulagsstofnunar vegna veitingu framkvæmdaleyfa fyrir Melgerðisnámu, Uppsalanámu, Haukagilsnámu og Hofsnámu.

Í svari Skipulagsstofnunar kemur fram að ekki eigi við að afgreiða umsókn um meðmæli með leyfisveitingu eftir að framkvæmdaleyfin hafa verið gefin út. Því vísar stofnunin umsóknum um meðmæli frá. Hyggist Húnavatnshreppur framlengja leyfi um efnistöku umfram þau tvö ár sem leyfisveiting heimilar, þarf að óska eftir meðmælum Skipulagsstofnunar.

Til kynningar.

g) Frá Þjónustumiðstöðin, vörn fyrir börn, dags. 15.10.2013.

Efni: Óskað er eftir frjálsum framlagi til að vera með í þjóðaráttakinu “ Vörn fyrir börn”.

Samþykkt var að styrkja átakið um 25 þús kr.

h) Frá Landsbyggðin lifi, dags. 02.10.2013.

Efni: Umsókn um styrk að upphæð 100 þúsund kr. vegna starfsemi samtakanna Landsbyggðin lifi.

Erindinu var hafnað.

i) Frá Farskólanum, dags. 15.10.2013.

Efni: Umsókn um rekstrarstyrk að upphæð 79 þúsund kr. fyrir árið 2014.

Vísað til fjárhagsáætlunar 2014.

j) Frá Karlakór Bólstaðarhlíðarhrepps.

Efni: Óskað er eftir 300 þúsund kr. starfsstyrk vegna starfsársins 2013-2014.

Vísað til fjárhagsáætlunar 2014.

k) Frá USAH, dags. 30.09.2013.

Efni: Óskað er eftir styrk frá Húnavatnshreppi fyrir árið 2014, að upphæð 350 þúsund kr.

Vísað til fjárhagsáætlunar 2014.

l) Frá Lestrarfélaginu Fjölni, dags. 27. okt. 2013.

Efni: Óskað er eftir hækkun á framlagi til bókakaupa fyrir bókasafnið í Dalsmynni.

Vísað til fjárhagsáætlunar 2014.

m) Frá Textílsetri Íslands, dags. 24. okt. 2013.

Efni: Umsókn um rekstrarstyrk að upphæð 500 þús. kr. vegna ársins 2014.

Vísað til fjárhagsáætlunar 2014.

4. Útvarsprósenta 2014.

Oddviti lagði fram tillögu um að útsvarshlutfall fyrir árið 2014 verði 14,48%, sem er óbreytt frá fyrra ári. Samþykkt samhljóða.

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps
140. fundur.

5. Fjárhagsáætlun 2014, fyrri umræða.

Sveitarstjóri kynnti drög að fjárhagsáætlun 2014, farið var yfir rekstur málaflokka, eignasjóðs og bhluta fyrirtækja. Í forsendum fjárhagsáætlunar er gert ráð fyrir að launaliðir hækki almennt um 5,6% og kaup á vörum og þjónustu um 3% frá fyrra ári.

Við fyrri umræðu vantar upplýsingar um almenn jöfnunarframlög og útgjaldajöfnunarframlög vegna ársins 2014. Einnig vantar upplýsingar frá ýmsum byggðasamlögum.

Eftirfarandi var samþykkt:

Launakjör sveitarstjórnar, nefnda, fjallskilastjóra og oddvita verða þau sömu og árið 2010, en þau voru lækkuð árin 2011-2013.

Námsstyrkir vegna framhaldsskólanema verða 25 þús kr. á hvern nemanda á önn árið 2014.

Styrkbeiðnum frá eftirfarandi aðilum var vísað til fjárhagsáætlunar 2014:

Frá Farskólanum, dags. 15. okt. 2013. Samþykktur styrkur að upphæð 79.000 kr.

Frá Karlakór Bólstaðarhlíðarhrepps, dags. 2. okt. 2013. Samþykktur styrkur að upphæð 150.000 kr.

Frá USAH, dags. 30. sept. 2013. Samþykktur styrkur að upphæð 300.000 kr.

Frá Lestrarfélaginu Fjölni, dags. 27. okt. 2013. Samþykktur styrkur að upphæð 100.000 kr.

Frá Textílsetri Íslands, dags. 24. okt. 2013. Samþykktur styrkur að upphæð 350.000 kr.

Eftirfarandi gjaldskrá fyrir sorpgjald (sorphirðu- og sorpeyðingargjald var samþykkt:

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu- og sorpeyðingargjöld í Húnavatnshreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps er heimilt að leggja á árlegt **sorpgjald** (sorphirðu- og sorpeyðingargjald) sem innheimt skal með fasteignagjöldum.

Sorphirða fer fram samkvæmt dagatali sorphirðu ár hvert. Árið 2014 er gert ráð fyrir 19 sorphirðudögum. Einnig er móttaka sorps á gámasvæðum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Íbúðir, lögbýli, íbúðarhús. (660 ltr. kör) kr. 48.800

Hver aukalosun frá íbúðum, lögbýlum og íbúðarhúsum kr. 2.625

Sumarhús: kr. 9.200

Notendur þeirra geta losað sig við sorp á gámasvæðum sveitarfélagsins.

Sorpgjald fyrirtækja:

Fyrirtæki, stofnanir og aðrir lögaðilar greiða sorphirðugjald samkvæmt áætlun um kostnað við sorphirðu frá þeim.

Sorphirðugjald:

Flokkur 1.	kr.	52.500
Flokkur 2.	kr.	146.000
Flokkur 3.	kr.	174.000
Flokkur 4.	kr.	284.000
Flokkur 5.	kr.	530.000

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps

140. fundur.

Hreppsnefnd raðar fyrirtækjum í flokka eftir eðli og umfangi þeirra.

3.gr.

Að lokinni álagningu skv. 2. gr. hafa greiðendur 30 daga frest til að gera athugasemdir við gjaldtöku Húnavatnshrepps. Athugasemdir skulu vera skriflegar og vel rökstuddar. Hreppsnefnd er heimilt að breyta gjaldtöku með tilliti til réttmætis framsettra athugasemda.

4.gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af hreppsnefnd Húnavatnshrepps 30. október 2013, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra. Gjaldskráin er sett með heimild í 7. gr. samþykktar nr. 56/2008 um sorphirðu í Húnavatnshreppi. og skv. ákvæði 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum. Jafnframt fellur úr gildi eldri gjaldskrá nr. 1286/2012. Gjaldskráin öðlast gildi við birtingu.

Gjöld fyrir skipulags- og byggingarmál og tengda þjónustu eru samkvæmt gjaldskrá nr. 354/2012.

Gjöld fyrir hreinsun og losun rotþróa eru samkvæmt gjaldskrá nr. 1285/2012.

Eftirfarandi samþykkt var gerð um gjaldskrá fyrir leikskólann Vallaból, sem gildir frá 1. janúar 2014:

Grunngjöld á mánuði.

Gjaldskrá:

Tímagjald:	kr.	1.100
Vistunargjald fyrir börn einstæðra foreldra	kr.	825
Afsláttargjald 2. barn	kr.	825
Afsláttargjald 3. barn	kr.	550
Morgunverður:	kr.	2.050
Síðdegishressing:	kr.	2.050
Hádegismatur:	kr.	5.100

Gjaldskráin verður send til kynningar í fræðslunefnd.

Oddviti lagði fram eftirfarandi tillögu um álagningaprósentur fasteignaskatts árið 2014:

Fasteignaskattur A 0,50%

Fasteignaskattur B 1,32%

Fasteignaskattur C 1,65%

Ofangreindar % eru óbreyttar frá fyrra ári.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Gerð er tillaga um að 5. gr í reglum um afslátt af fasteignaskatti í Húnavatnshreppi verði svohljóðandi:

Fullur afsláttur er kr. 50.700.-

Einstaklingar með skattskyldar tekjur allt að kr. 2.167.000.- fá 100% afslátt.

Einstaklingar með skattskyldar tekjur allt að kr. 2.785.000.- fá 0% afslátt.

Hjón með skattskyldar tekjur allt að kr. 3.329.000.- fá 100% afslátt.

Hjón með skattskyldar tekjur all að kr. 4.354.000.- fá 0% afslátt.

Tekjur innan skilgreindra tekjumarka veita hlutfallslegan afslátt.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps
140. fundur.

Samþykkt var að gjalddagar fasteignagjalda á árinu 2014 verði eftirfarandi:

Fasteignagjöld undir 15 þúsund kr. Gjalddagi 1. júní.

Fasteignagjöld að upphæð 15 þúsund kr. til 1. milljón kr. Gjalddagar 1. júní og 1. september.

Fasteignagjöld 1. milljón og hærrí. Gjalddagar 1. apríl, 1. júní og 1. september.

Eindagar fasteignagjalda eru 30 dögum eftir gjalddaga.

Samþykkt var að vísa fjárhagsáætlun til annarar umræðu í sveitarstjórn.

6. Önnur mál.

Samþykkt var að veita styrki til framhaldsskólanemenda á haustönn 2013 að upphæð 30.000 kr. á nemanda, samkvæmt gildandi reglum Húnavatnshrepps. (greiðist af fjárhagslið 0459-9938).

Fleira ekki gert
Fundu slitið kl. 16.40

Þóra Sverrisdóttir

Gísli Hólm Geirsson

Jakob Sigurjónsson

Guðmundur R. Halldórsson

Ingibjörg Sigurðardóttir.

Magnús R. Sigurðsson

Jón Gíslason

Jens P. Jensen